

# Reglur um ferðþjónustu í Borgarbyggð.

## 1. Ferðþjónusta fatlaðra

Ferðþjónusta fatlaðra er fyrir þá sem heyra undir lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992, eiga lögheimili í Borgarbyggð og sannanlega þarfnast sértækrar akstursþjónustu til að komast milli staða.

Markmið þjónustunnar er að gera fötluðum kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsstunda.

## 2. Ferðþjónusta eldri borgara

Ferðþjónusta eldri borgara er fyrir þá sem eru 67 ára og eldri, búa sjálfstætt og hafa ekki aðgang að farartæki.

Markmið þjónustunnar er að rjúfa félagslega einangrun og tryggja aðgang að þjónustu.

Þannig fellur undir þjónustuna akstur í og úr dagdvöl og félagsstarf eldri borgara, reglubundna þjálfun eða til læknis og til að njóta tómsstunda.

## 3. Umsóknir

Sækja skal um ferðþjónustu hjá félagsþjónustu Borgarbyggðar. Koma skal fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Starfsmenn félagsþjónustu taka ákvörðun um almenna heimild til að nota þjónustuna. Umsækjendum skal svarað skriflega svo fljótt sem auðið er og geta þeir skotið ákvörðun til Velferðarnefndar innan 4urra vikna.

## 4. Umfang þjónustu, gjaldtaka o.fl.

Þjónustan er veitt frá kl. 7:30 til 24:00. Almennt gjald er kr. 200.- fyrir hverja ferð. (2015)

Afsláttakort með 10 miðum kostar kr. 1.200.- Gjald er kr. 400.- eða tveir miðar eftir kl.

18.00 virka daga og um helgar og vegna aksturs til Akraness. Akstur í og úr skóla sveitarfélagsins og dagdvöl aldraðra er ókeypis. Þeir sem starfa á vernduðum vinnustöðum / Hæfingu/Iðju greiði aldrei meira en tvær ferðir á dag í og úr vinnu.

Ferð er í reglum þessum akstur frá einum stað til annars en ekki akstur fram og til baka.

Þjónustan er aðeins innan sveitarfélagsins. Heimilt er þó að veita þjónustuna, ef aðstæður leyfa, vegna sjúkrahúsdvalar á Akranesi.

Lögbundin verkefni; akstur í og úr skóla, iðju eða dagdvöl hafa forgang.

## 5. Pantanir / afpantanir

Þjónustuna skal panta hjá bílstjóra með minnst sólarhringsfyrirvara. Ferð skal afpanta með minnst 3 klst. fyrirvara.

## 6. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi þann 15. október 2007, en skulu endurskoðaðar eigi síðar en í júní 2008.

Samþykkt í félagsmálanefnd 3. október 2007.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. október 2007.

Breytt á fundi Velferðarnefndar 7. Desember 2011.

Samþykktar breytingar á fundi Velferðarnefndar 9. apríl 2015.

Staðfest í sveitarstjórn 21. apríl 2015.